

## Fyrirspurn

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um skoðun á lagningu sæstrengs.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða starfshópa hefur ráðherra sett á stofn í tengslum við hugsanlega lagningu sæstrengs til raforkuútflutnings í því skyni að „kanna ítarlegar afmarkaða þætti framkvæmdarinnar,“ sbr. flutningsræðu ráðherra fyrir 59. máli, skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu, á 143. löggjafarþingi?
2. Hverjir stýra starfshópunum, hverjir aðrir eiga þar sæti, hvaða erindi eru hópunum falin í erindisbréfum, hvenær voru þeir formlega settir á stofn og hve marga fundi hafa þeir haldið?
3. Hefur verkefnum vegna hugsanlegs sæstrengs verið útvistað, sbr. ávarp ráðherra á fundi VÍB um arðsemi orkuútflutnings 10. september sl.? Ef ekki, hvað veldur töf á því? Af hvaða fjárlagalið eru þeir greiddir?
4. Hvaða tímamörk hyggst ráðherra setja á lok þeirra verka sem varða framangreinda tölu-liði?

Skriflegt svar óskast.